

## Afturhvarf til veruleikans – í átt að stöðuleika

Það er ekki liðið misseri síðan talað var um ólgu á fjármálamörkuðum. Þá var lítið talað um „kreppu“ og hvað þá um „alheimskreppu“. Undanfarna mánuði hefur umræðan tekið kúvendingu og erum við nú í stöðu þar sem stjórnámamenn, embættismenn og bankasamfélagið þurfa að hafa sig alla við til þess að einangra það sem sumir hafa kallað ófyrirséðan og fordæmislausan faraldur.

Vegna þessa einkennast fyrirbyggjandi verkefni stjórnvalda, seðlabanka, eftirlitsaðila og fjármálasamfélagsins um heim allan, af krísustjórnun. Finna þarf lausnir sem endurvekja traust manna á fjármálakerfinu og hleypa nýju lífi í millibankamarkaði. Evrópubúar hafa sýnt að þeir geta brugðist fljótt við þegar þörf er á. Skrefin sem hingað til hafa verið tekin í Evrópu eru án efa í rétta átt og viljinn sem sýndur er til samvinnu og samhæfingar er nauðsynlegur fyrir árangur í núverandi baráttu við kreppuna.

Ég fagna sérstaklega þeim breytingum sem gerðar hafa verið á vissum verðmatsreglum, en það hefur sýnt sig að sumar af reglum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IFRS reglurnar) hafa aðeins dýpkað kreppuna. Embættis- og stjórnámamenn gera sér nú grein fyrir að ógagnsæir og að hluta til óvirkir markaðir geta aldrei dregið upp raunhæfa mynd af markaðsvirði eigna félaga. Sú ranga mynd sem dregin er upp er afleiðing mats á sannvirði eigna og hefur hún jafnvel brenglað heilbrigða markaði og ýtt undir hrunið í heiminum. Stofnanir ESB hafa brugðist við af ákveðni til þess að breyta vissum samkeppnishamlandi áhrifum sannvirðismats. Enn er samt nauðsynlegt að breyta IFRS reglunum með það að markmiði að koma í veg fyrir að óæskilegir hagsveiflutengdir liðir, sem magna slæmt efnahagsástand, hafi áhrif.

Það dugir augljóslega skammt að reyna bara að hafa hemil á kreppunni. Þegar efnahagslæggðin hefur náð hámarki þurfum við að íhuga vandlega og fara hreinskilningslega yfir það sem gerst hefur. Við þurfum að finna rót vandans, komast að því hvað olli kreppunni, og hvernig best sé að bregðast við og þá sér í lagi finna lausnir sem snúa að regluverki og eftirliti með fjármálakerfinu.

Slík umhugsun þarf að vera byggð á viðurkenningu þess að fjármálageirinn er nauðsynlegur efnahagslegri velferð og í mörgum tilvikum forsenda þróunar einstaklingaverkefna. Þetta er mikil ábyrgð. Fjármálageirinn þarf að draga ályktanir af áhrifum kreppunnar og ætti, í andstöðu við það sem hefur tíðkast undanfarin ár, að líta á sig sem þjónustuveitanda annarra hluta efnahagslífsins. Ein mikilvægasta lexía kreppunnar er sú að misræmi á milli fjármálageirans og annarra hluta efnahagslífsins hefur hræðilegar afleiðingar.

Ekki er hægt að draga einhvern einn til ábyrgðar fyrir núverandi ástandi efnahagsmála. Áður en ólgan varð að kreppu, litu stefnumarkandi embættismenn, m.a. innan ESB, á banka sem höfðu langtíma markmið og náði samband við viðskiptavina sína, sem vonlaust gamaldags. Þeir álitu að nútíma bankastarfsemi væri sambærileg verkfræði þar sem margslungnar afurðir skipta sífellt um hendur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, með það eitt að markmiði að þjóna hagsmunum hluthafa, í gegnum skammtíma hámarkun hagnaðar. Það sem gleymdist í allri þessari forfrömun var að fjármagnsmarkaðir breyta ekki slæmri áhættu í góða.

Ég tel að við ættum að nýta tækifærin sem felast í kreppunni til þess að víkja frá þeirri áherslu sem lögð er á skammtímahagnað. Það myndi gera lánastofnunum kleift að minnka bilið á milli fjármálageirans og annarra þátta efnahagslífsins og skapa nánari tengsl við viðskiptavininn.

Þetta helst í hendur við heildarnálgun gagnvart fyrirtækjum, nálgun sem leggur áherslu á stöðuleika og viðgang. Blind trú á stærðarhagkvæmni ætti ekki að fæla okkur frá gildum frumlegra og annars konar viðskiptamóðela. Trúin á hagkvæmni fjármagnsmarkaða verður að víkja fyrir þeirri raunsæju sýn að markaðir geta aldrei orðið betri en þeir sem á þeim starfa.

Á þessum grunni þurfa banka- og stjórnámálamenn að viðurkenna mikilvægi stöðugleika ekki aðeins í bankastarfsemi heldur einnig sem grundvallarviðmið í allri efnahagsstarfsemi. Gullgerðarlist fjármálamarkaðarins ruddi veginn fyrir stórbrotinni flugeldasýningu fjármálaaðgerða sem að lokum varð afar dýrkeypt. Nú er tími til þess að hverfa aftur til raunverulegra dyggða ábyrgrar bankastarfsemi, sem viðheldur sér.

Þetta snýst ekki eingöngu um að endurmeta gildi í viðskiptum. Sjálf uppbygging fjármálakerfisins þarfnast vandlegrar íhugunar. Undanfarna mánuði eru lestir og dyggðir fjármálakerfa um allan heim orðin ljósari. Það hefur sýnt sig að mikilvægustu og sýnilegustu gildi evrópskra fjármálamarkaða er eðlislæg fjölbreytni þeirra. Við eðlilegar aðstæður hefði fjölbreytnin tryggt öruggan, dreifðan, yfirvegaðan og jafnframt samkeppnishæfan fjármálageira. Ef það væri ekki fyrir fjölbreytileika þátttakenda á mörkuðum og viðskiptahátta sem takmarka útbreiðslu kreppunnar og koma í veg fyrir aðstæður þar sem allir markaðsaðilar verða fyrir sams konar skakkaföllum, hefði kreppan svo sannarlega orðið nær ómöguleg viðureignar.

Fyrir sparisjóði er hughreystandi að sjá, að þrátt fyrir óvissutíma og efa, þá yfirgefi viðskiptavinir þeirra þá ekki. Þvert á móti gefa þeir okkur skýr merki um að þeir vilji heldur stofnanir sem eru nálægar þeim og byggja á traustri langtíma viðskiptaspeki. Viðskiptavinir okkar þekkja gildi bankastarfsemi sem hefur djúpar rætur í samfélaginu og getur þar með orðið vélin sem stýrir efnahagslífi nærsamfélagsins áfram. Eitt af grunnviðmiðum sparisjóðanna, hagræn hagkvæmni, er langt frá því að vera vonlaust og gamaldags þar sem það er ekki hvað síst á þeim grunni sem þeir geta lagt sitt af mörkum í þágu samfélagsins. Viðskiptahættir sparisjóðanna eru nútímalegri en nokkru sinni fyrr.

**Heinrich Haasis, formaður ESBG.**

*Greinin birtist í fréttabréfi WSBI og ESBG, „News and views“, í október 2008.*